



Reglur þjálfara Gerplu

1. Þjálfarar Gerplu sýna hver öðrum, iðkendum sínum og foreldrum/forráðamönnum virðingu
2. Þjálfarar Gerplu mæta snyrtilega til fara, í viðeigandi íþróttafatnaði. Notkun tyggigúmmís í salnum er óheimil. Sítt hár er í teygju á meðan þjálfun á sér stað.
3. Þjálfara Gerplu mæta tíu mínútum fyrir æfingatímann. Þannig erum við tilbúin þegar æfingin hefst. Iðkendur eru sóttir inn í klefa þegar tíminn byrjar, ekki þegar tíminn á að vera byrjaður. Sýnum ábyrgð, verum til fyrirmyndar.
4. Þjálfarar Gerplu standa á meðan þjálfun stendur. Frjáls leiktími er ekki í boði en hægt er að leyfa iðkendum að leika sér ef það er gert með skipulögðum hætti.
5. Þjálfarar Gerplu leysa ágreining sem upp kann að koma fyrir utan salinn, ekki inn í sal fyrir framan iðkendurna.
6. Þjálfarar Gerplu tileinka sér kurteisi, jafnvel þegar hún er ekki endurgoldin. Ef foreldrar/forráðamenn eru dónalegir reynum við eftir fremsta megni að leggjast ekki á sama plan. Ef upp koma erfið mál sem við getum ekki leyst eða eigum ekki svar við vísum við á deildarstjóra eða framkvæmdarstjóra

Íþróttafélagið Gerpla